

Alþingi
Erindi nr. B 140/598
komudagur 1.12.2011



Reykjavík 28. Nóvember 2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Umsögn Pizza-pizza ehf. einkaleyfishafi Domino's Pizza á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um hitaeingmerkingar á skyndibita, þingskjal 24 - 24 mál, 140. Löggjafarþing 2011 -2012.

Pizza-pizza ehf. einkaleyfishafi Domino's Pizza á Íslandi fagnar þingsályktunartillögu um að fela velferðarráðherra að beita sér fyrir því að veitingarstaðir upplýsi viðskiptavini um magn hitaeininga í þeim réttum sem þar eru seldir.

Við teljum að samhliða meiri vitneskju um innihald matarins sé nauðsynlegt að auka fræðslu á samsetningu mataræðis einstaklinga og mikilvægi þess að það sé gott jafnvægi í neyslu mismunandi fæðutegunda. Það er mikilvægt að fara í þessa vinnu án fordóma og af vandvirkni, við setjum spurningarmerki þegar því er slegið fram að ein pitsusneið frá Pizza Hut innihaldi 2656 hitaeiningar. Á heimasíðu Pizza Hut má sjá að ein stór sneið er lægst 330 hitaeiningar og mest 480 hitaeiningar. Auk þess er hráefni milli landa ólíkt og því ber að skoða samanburð með fyrirvara, ekki er hægt að bera saman epli og epli (eða í þessu tilviki pitsu og pitsu).


Þá teljum við mikilvægt að allir veitingastaðir falli undir sama hatt með upplýsingagjöf, fyrst og fremst fyrir neytandann en líka til að gæta jafnræðis milli aðila á markaði og í samkeppni.


Vinna við þessi mál er þegar langt á veg komin hjá okkur og ætti að verða tilbúin í lok árs, eða byrjun 2012. Þessi vinna er unnin í samstarfi við þekktan matvælafræðing.

Við leggjum mikla áherslu á ferskt hráefni og vörugæði, okkar vörur eru matreiddar fyrir hvern og einn viðskiptavin eftir pöntun. Við höfum einnig unnið talsverða vinnu í að hanna og búa til einstaklings pizzur (Léttbökur) sem innihalda hver um sig aðeins 390 Kcal.

Við erum tilbúin í hverskonar samstarf við opinbera aðila til að hjálpa til við að veita þessum málum brautargengi.

f.h. Pizza-pizza ehf. einkaleyfishafa Domino's Pizza á Íslandi.


Steinar B. Sigurðsson
Vinnslustjóri


Birgir Örn Birgisson
Framkvæmdarstjóri